
Suðurnesjalína 2

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 20. apríl 2018 barst Skipulagsstofnun tillaga Landsnets að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar Suðurnesjalínu 2 milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavíkurbæ samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.08 í 1. viðauka laganna. Suðurnesjalína 2 verður 220 kV og liggur um sveitarfélögin Hafnarfjörð, Sveitarfélagið Voga, Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Voga, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Suðurnesjalína 2 milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavíkurbæ. Tillaga að matsáætlun. Landsnet og VSÓ Ráðgjöf, 16. apríl 2018.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 25. júní 2018.
- Grindavíkurbæ með tölvupósti dags. 14. maí 2018.
- Reykjanesbæ með bréfi dags. 16. maí 2018.
- Sveitarfélaginu Vogum með tölvupósti dags. 17. maí 2018.
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 4. maí 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 3. maí 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 15. maí 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 11. maí 2018.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 15. maí 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 15. maí 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. maí 2018.
- Vegagerðinni með bréfi dags. 24. maí 2018.

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands og Hraunavinum með bréfi dags. 11. maí 2018.
- Eydísi Franzdóttur, Guðna Franzsyni, Geirlaugu Þorvaldsdóttur, Ólafi Þór Jónssyni, Reykjavrenti ehf., Sigríði S. Jónsdóttur, STV ehf. með bréfi dags. 11. maí 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. maí 2018 (barst 23. maí 2018), 6. júní 2018 og 28. júní 2018.



3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Valkostir

Í kafla 5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um valkosti og valkostagreiningu. Fram kemur að fjallað verði um fimm kosti í mati á umhverfisáhrifum og þeir metnir ásamt núllkosti. Kostirnir eru:

- **A. Jarðstrengur, 220 kV, sem fylgi Suðurnesjalínu 1**

Jarðstrengur meðfram núverandi loftlínunum og slóðum, þ.e. Suðurnesjalínu 1 og Fitjalínu 1. Leiðin liggur að nokkru leyti eftir núverandi línuslóða, en víkur frá slóðanum á köflum, vegna óhagstæðrar legu. Alls verður lengd jarðstrengs um 31 km.

- **B. Jarðstrengur, 220 kV, sem fylgir Reykjanesbraut og Suðurnesjalínu 1**

Jarðstrengur að stórum hluta meðfram Reykjanesbraut. Miðað er við að fylgja núverandi línugötu Suðurnesjalínu 1 út úr Hafnarfirði. Um 4 km frá Hamranesi víkur leiðin frá núverandi línu til norðurs að Reykjanesbraut. Þaðan liggur leiðin meðfram Reykjanesbraut um 17 km leið að Háabjalla skammt austan við Grindavíkurvegamót. Þaðan er vegslóði fylgt inn að Suðurnesjalínu 1 á ný. Alls verður lengd jarðstrengs um 32 km.

- **C. Loftlína, 220 kV, sem fylgir Suðurnesjalínu 1**

Loftlína að mestu samsíða núverandi loftlínunum, Suðurnesjalínu 1 og Fitjalínu 1. Valkosturinn nýtir núverandi línuvegi að mestu. Alls verður lengd loftlínu rúmlega 33 km.

- **D. Blönduð leið, 220 kV, loftlínu og jarðstrengs**

Leið að mestu samsíða núverandi loftlínunum. Blöndunin felst í að leggja jarðstreng á mögulega viðkvæmum svæðum, þar sem sjónræn áhrif séu líkleg til að verða talsverð til verulega neikvæð. Ekki liggja fyrir hvaða svæði gæti verið um að ræða á þessu stigi, en mat á sýnileika og áhrifum á landslag muni leiða það í ljós og muni verða gerð grein fyrir því í frummatsskýrslu. Lengd þessar leiðar er líkast til svipuð og í kosti C.

- **E. Blönduð leið, loftlína og jarðstrengur/önnur útfærsla**

Leið fylgir núverandi línunum á svæðinu, þ.e. Suðurnesjalínu 1 og Fitjalínu 1. Blöndunin felst í að leita annarra leiða en í valkostum A til D til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum á tilteknum köflum þar sem áhrif á landslag verða talsvert til verulega neikvæð. Þær leiðir geti t.d. falist í að, samnýta möstur með Suðurnesjalínu 1, leggja Suðurnesjalínu 1 í jörðu á kafla eða aðlaga vegalengdir milli mastra að útliti Suðurnesjalínu 1. Ekki liggja fyrir hvaða svæði sé um að ræða á þessu stigi, en mat á sýnileika og áhrifum á landslag muni leiða það í ljós og verði gerð grein fyrir því í frummatsskýrslu. Lengd þessar leiðar er líkast til svipuð og í kosti C.

Í tillögu að matsáætlun kemur einnig fram að við vinsun hugmynda hafi verið skoðaðir fleiri kostir. Kostir F og G fari um óraskað svæði, friðlýst svæði og fólkvang og séu lengri en kostir A til E. Kostir H og I séu sæstrengir sem séu dýrir og kæmi til bilana yrði það dýrt og tímafrekt, auk þess sem afhendingaröryggi yrði mjög neikvætt. Kostur J sé mun lengri, 90 til 100 km og væri um þrefalt dýrari en kostur miðað við leið C.

Í athugasemdum Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og Hraunavina sem og í athugasemdum Eydísar Franzdóttur o.fl. er gerð athugasemd við að Landsnet útiloki frekari skoðun á 132 kV línu/streng án þess að leggja fram gögn og þarfagreiningu sem sýni að lína af þeirri stærðargráðu anni ekki flutningsþörf á líftíma línunnar, næstu 70 árin. Landsnet hyggist reka línuna sem 132 kV línu fyrst um sinn og óvíst að nokkurn tíma þurfi meiri flutningsgetu. Það sé ekki þjóðhagslega hagkvæmt og samanburður valkosta verði ekki marktækur, enda verðmunur 132 kV loftlínu og



jarðstrengs mun minni en 200 kV. Þarfagreining verði að byggja á raunverulegum þörfum en ekki hugmyndum um hugsanlegar virkjanir eða stækkanir núverandi virkjana sem ekki hafi orðið að veruleika um áráraðir. Ekki sé heldur forsvaranlegt að byggja þörf á raforkuflutningum til fyrirtækja sem ekki sé útlit fyrir að verði starfrækt á Suðurnesjum m.a. vegna slæmrrar reynslu af þeim og erfiðleika við fjármögnun. Megi þar nefna raforkuflutninga til kísilvers United Silicon, Thorsil og annarra álíka fyrirtækja. Þó virkjanir á Reykjanesi hafi uppsett afl 175 MW hafi framleiðslugeta þeirra einungis verið 160 MW. Raforkuspá geri ráð fyrir að hámarksálag á Suðurnesjum verði orðið 170 MW árið 2050, eftir 32 ár. Ef framleiðsla virkjana á Reykjanesi væri 175 MW verði þá aðeins 5 MW flutt á Suðurnesjalínu 1 og 2 samanlagt. Ef framleiðsla aukist um 80 MW í 255 MW verði flutningur 85 MW og ef notkun á Reykjanesi aukist í 300 MW eins og spár Landsnets gefi til kynna þá verði flutningur aðeins 45 MW. Hlutverk Suðurnesjalínu 2 verði einungis að auka öryggi en ekki vegna aukinnar flutningsþarfar. Tvær 132 kV línur með 150 MVA flutningsgetu gætu hvor um sig flutt allt það rafmagn sem þörf sé á á línuleiðinni um ókomna framtíð.

Í svörum Landsnets kemur fram að spá um aukna flutningsþörf byggji m.a. á kerfislegum greiningum. Helstu forsendur greiningarinnar séu Raforkuspá, nýgerðir samningar um afhendingu vegna stækkunar gagnavera, áform um orkunotkun, áætlanir sveitarfélaganna, aukin orkuvinnsla, sveigjanleiki í raforkukerfinu og reiðuafli. Niðurstaða greiningar sé að raflína þurfi að anna yfir 300 MVA flutningsþörf til að mæta markmiðum framkvæmdarinnar. Flutningsmannvirki raforku séu byggð með það í huga að þau endist a.m.k. í 40-60 ár, og því sé mikilvægt að þau séu byggð á þann hátt að þau rúmi framtíðarþörf. Landsnet hafi í þarfagreiningu tekið mið af óvissu um uppbyggingu ákveðinna iðjuvera á Suðurnesjum. Samkvæmt áætlunum aðila sé gert ráð fyrir að heildar orkuþörf þeirra geti verið um 300 MW. Landsnet miði hins vegar við 127 MW, sem sé sú skuldbinding sem fyrirtækið hafi tekið á sig með samningum. Auk þessara áætlana séu ýmsar hugmyndir um uppbyggingu orkufrekrar starfsemi, s.s. gagnaver, í skipulagsáætlunum sveitarfélaganna. Landsneti beri að taka tillit til rammaáætlunar. Í rammaáætlun sé gert ráð fyrir 200 MW virkjunarkostum í orkunýtingarflokki á Suðurnesjum. Í tillögu að endurskoðaðri rammaáætlun (3. áfanga), sem ekki hafi verið samþykktur á Alþingi, sé lögð til 350 MW í orkunýtingarflokki á Suðurnesjum. Landsnet telur að þarfagreining fyrir framtíðarflutningsmannvirkni byggji á raunverulegum og raunhæfum áætlunum. Ný flutningslína sem ætlað sé að anna flutningi raforku inn og út af Suðurnesjum til margra áratuga þurfi að taka mið af þessu. Byggt á ofangreindum forsendum kemst Landsnet að þeirri niðurstöðu að Suðurnesjalína 2 þurfi að geta flutt a.m.k. 300 MVA. 132 kV lausn muni ekki anna flutningsþörf. Sú staðreynd að Suðurnesjalína 2 verði fyrst um sinn rekin á 132 kV spennu sé dæmi um það hvernig hægt er að nýta nýtt flutningsmannvirki í samræmi við þörfina hverju sinni. Þegar kemur að því að það þurfi að hækka spennu, þ.e. í 220 kV, verði það gert án nýrrar línu. Ef byggð sé 132 kV lína, þurfi að bæta við mannvirkjum til að anna viðkomandi þörf.

Í athugasemdum Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og Hraunavina sem og í athugasemdum Eydísar Franzdóttur o.fl. er gerð athugasemd við útilokun á valkostum H og I með þeim orðum að um of langan streng sé að ræða. Ef leggja megi strengi milli landa og yfir Sprengisand án teljandi vandræða sé ljóst að strengur hvort sem er frá Straumsvík eða Klafastöðum sé ekki of langur ef um jafnstraumsstreng er að ræða. Bilanatíðni slíks strengs sé líka mjög lág enda engar samtengingar á strengnum. Einnig verði að gera kröfu um að ef útiloka á sæstreng út frá kostnaðarsjónarmiðum verður að rökstyðja þá ákvörðun með tölulegum útreikningum en ekki einungis fullyrðingum eins og Landsnet gerir í tillögu að matsáætlun.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið hafi í vinsun á valkostum felld sæstrengi út sem raunhæfa valkosti. Helstu rökin fyrir því séu að sæstrengir á umræddri leið falli ekki að stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Ekki sé mögulegt að leggja riðstraums-sæstreng frá Hvalfirði (Brennimel) yfir á Suðurnes sökum lengdar. Eini tæknilegi möguleikinn sé að leggja jafnstraumsstreng frá Brennimel í Hvalfirði. Eðli og tilgangur jafnstraumstenginga sé að tengja saman aðskilin flutningskerfi, oft á milli landa eða flytja orku mjög langar leiðir um hundruð eða



þúsundir kílómetra. Hagkvæmnin felist í að jafnstraumsstrengur inniheldur tvo leiðara en riðstraumsstrengur þrjá og sé nokkru dýrari. Af og áriðlunarstöðvar á endum jafnstraumstenginga sé umfangsmikill búnaður og kostnaður margfaldur á við hefðbundna jarðstrengi sem sé lagt til að meta í umhverfismati. Jafnstraumssæstrengur frá Hvalfirði til Suðurnesja sé óraunhæfur kostur sökum mikils kostnaðar. Sæstrengur frá Straumsvík eða nágrenni sé tæknilega mögulegur, sem hefðbundinn riðstraumsstrengur. Tengjast þurfi Rauðamel með viðkomu á Njarðvíkurheiði en þessir staðir séu miðsvegar á Reykjanesi og því löng leið frá landtökustað sama hvar hann er. Hámark strenglagna á 220 kV spennustigi sé áætlað um 70 km á Suðvesturlandi háð staðsetningu. Myndi sæstrengur nota stærri hluta af mögulegum jarðstrengslögnum í landshlutanum en jarðstrengir sem tillaga sé um að umhverfismeta. Gerð verði grein fyrir mögulegum lengdum strenglagna á SV landi í frummatsskýrslu, þá í tengslum við valkosti A, B, D og E. Nærri þessari strengleið séu sex hafnir með tilheyrandi skipaumferð og fylgi sæstrenglagn á slíku svæði áhætta sem felist í því að ankerum skipa sé varpað. Geti það gerst í neyð, þegar bilun kemur upp eða þegar stöðva þarf skip af öðrum ástæðum. Hættan á vörpun ankera í neyðartilfellum sé meiri á þessu svæði en flestum öðrum á landinu. Þó svo að bilanatíðni strengja sé lægri en loftlína þá séu þær nokkru umfangsmeiri en bilanir á loftlínunum. Tenging til Vestmannaeyja sé þar gott dæmi en þar hafi Vestmannaeyjalína 1 verið lengi í rekstri án teljandi rekstrarerfiðleika. Hins vegar varð bilun í Vestmannaeyjalínu 3 sumarið 2017 og var sæstrengurinn ekki í rekstri í 72 daga. Um var að ræða dýrustu viðgerð í sögu Landsnets en viðgerðin kostaði um 630 milljónir króna. Erfitt sé að bera saman þennan kostnað við bilanir í loftlínunum en reikna megji með að viðgerð kosti tugi til hundruð þúsunda króna.

Í athugasemdum Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og Hraunavina sem og Eydísar Franzdóttur o.fl. er gerð athugasemd við ófullnægjandi upplýsingar um valkosti D og E. Nauðsynlegt sé að þegar á þessu stigi málsins liggi fyrir upplýsingar t.d. um hvar sé áætlað að leggja valkost D í jörð og hvar ekki, hvaða hlutar línuleiðarinnar séu til þess fallnir að leggja skuli jarðstreng þar frekar en á öðrum hluta línuleiðarinnar, línuleiðar sem nánast öll liggi með fjölfarnasta þjóðvegi landsins. Hvernig verði útfærsla á tengibúnaði milli loftlínu og jarðstrengs og hvaða viðbótarkostnað hefur slík tenging í för með sér. Hvernig standi til að útfæra valkost E hvað varðar til að mynda samnýtingu mastra með Suðurnesjalínu 1. Hvernig líta slík möstur út og hver er hæð þeirra? Kallar slík útfærsla á meiri sýnileika Suðurnesjalínu 1?

Í svörum Landsnets kemur fram að á þessu stigi liggi ekki fyrir nákvæm greining á hvaða svæði séu viðkvæm með tilliti til sjónrænna áhrifa, ferðapjónustu og útivistar, og annarra umhverfisþátta s.s. jarðminja og vistgerða. Áætluð vinna og matsspurningar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar sem snúi að þessum þáttum hafi verið kynnt í tillögu að matsáætlun. Landsnet vænti þess að þetta mat dragi fram hvaða svæði séu viðkvæmust, þar sem þá sé fullt tilefni til að leggja mat á „blandaðar leiðir“ til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Í frummatsskýrslu verði greint frá hvernig komist sé að niðurstöðu um „viðkvæm svæði“ og hvaða valkostir séu metnir með tilliti til þess að lágmarka sjónræn og önnur áhrif. Landsnet telur að það sé eðlilegra að nota umhverfismatið með þessum hætti, þ.e. að vinnsla þess dragi fram „viðkvæm svæði“, í stað þess að ákveða á matsáætlunarstigi, hvar réttast sé að setja niður valkosti með „blönduðum leiðum“. Þessi nálgun sé sú leið sem nú sé farin í mati á umhverfisáhrifum fyrir Hólasandslínu 3. Í frummatsskýrslu verði ítarleg lýsing á útfærslu framkvæmda, þ.m.t. valkostum D og E, þar sem gerð verði grein fyrir staðsetningu jarðstrengs, samnýtingu mastra, tengibúnaði, kostnaði o.fl.

Hafnarfjarðarbæjar leggur í umsögn sinni áherslu á að línan fari í jörð innan marka sveitarfélagsins þar sem íbúðabyggð á Völlum og Skarðshlíð ásamt stærsta útivistarsvæði bæjarins sé of nærri umræddri línu til þess að hægt sé að rökstyðja að hún verði ofanjarðar. Jafnframt er vakin athygli á því að valkostir A og B þurfi nánari ígrundunar m.t.t. skipulagsáforma Hafnarfjarðarbæjar. Auk þess sem breytingar geti átt sér stað á framtíðarlegu Reykjanesbrautar á þessu svæði.



Í svörum Landsnets kemur fram að gerð verði grein fyrir því hvernig valkostir falli að aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga á línuleið. Auk þess verður gerð grein fyrir áherslum og skilmálum sem sveitarfélög leggi fram gagnvart framkvæmdum, s.s. varðandi legu, loftlínu eða jarðstreng, frágangi o.fl. Landsnet muni við áframhaldandi undirbúning framkvæmda og samanburði valkosta eiga samráð við Hafnarfjarðarbæ um útfærslur og stefnu bæjarins um skipulagsáform á og í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Skipulagsstofnun telur að Landsnet hafi í tillögu að matsáætlun fyrir Suðurnesjalínu 2 tilgreint raunhæfa valkosti í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Við mat á jarðstrengsköflum í valkostum D og E, er mikilvægt að meta áhrif á fleiri umhverfisþætti en sýnileika og landslagi. Einnig þarf að meta áhrif á þéttbýli, vatnsvernd, náttúruvernd, þ.m.t. skerðingu á hrauni sem nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og annarri landnýtingu á borð við hjólastíg og lest meðfram Reykjanesbraut sem gert er ráð fyrir í skipulagi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Einnig er tilefni til að fjallað sé um áhrif á hugsanlegan flugvöll í Hvassahrauni, þótt hann hafi ekki verið festur í stefnu stjórnvalda eða skipulagsáætlunum á svæðinu.

Hljóðvist

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram að austast á svæðinu eigi að leggja jarðstrengi vegna áhrifa á nærumhverfi. Þá telur heilbrigðiseftirlitið að fjalla þurfi um hljóðvist í námunda við íbúðarhverfi og atvinnulóðir. Búast megi við áhrifum á hljóðvist t.d. í kringum spennistöðina í Hamranesi. Heilbrigðiseftirlitið telur að að greina þurfi frá til hvaða mótvægisáðgerða sé ætlað að grípa og gera grein fyrir hljóðvist fyrir kosti A- E í Hafnarfirði.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið muni í samræmi við ábendingu heilbrigðiseftirlitsins leggja áherslu á umfjöllun um hljóðvist þar sem framkvæmdir fara um þéttbýli og útivistarsvæði.

Með hliðsjón af ofangreindu tekur Skipulagsstofnun undir nauðsyn þess að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum allra valkosta við lagningu Suðurnesjalínu 2 á hljóðvist í íbúðarbyggð og á útivistarsvæðum.

Vatnsvernd

Í kafla 8.5.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnsvernd. Fram kemur að framkvæmdakostir falli að stórum hluta innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að yfirstandandi séu viðræður sveitarfélaga á Suðurnesjum og HS Orku um framtíðarvatnsból svæðisins. Taka þurfi tillit til mengunarhættu sem nýjum vatnsbólum kunni að stafa af lagningu og rekstri Suðurnesjalínu 2. Þá séu í bígerð tvö ný vatnsból fyrir fyrir Sveitarfélagið Voga sem séu ekki merkt rétt inn á kort í tillögu að matsáætlun.

Í svörum Landsnets kemur fram að tillit verði tekið til framtíðarvatnsbóla á Suðurnesjum í mati á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2. Afmörkun á vatnsbólum í Vogum verði uppfærð í frummatsskýrslu. Landsnet muni fara yfir afmörkun í samráði við Sveitarfélagið Voga og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Hafnarfjarðarbær, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Hraunavinir telja í umsögn og athugasemdum að gera þurfi grein fyrir mögulegri sínmengun í neysluvatni frá möstrum.

Í svörum Landsnets kemur fram að þetta verði gert.

Mikilvægt er að afstaða framkvæmda til vatnsverndarsvæða komi fram í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu þarf að sýna öll vatnsverndarsvæði og vatnsból í nágrenni við fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Þá þarf að gera grein fyrir því hvaða áhrif mismunandi valkostir á lagningu Suðurnesjalínu 2 hafa á vatnsvernd og tilgreina hvort þeir fari um fjar-, nær- eða brunnsvæði



vatnsbóla. Þá þarf að gera grein fyrir mögulegri mengun neysluvatns vegna mismunandi valkosta, bæði sínmengun og annarri mengun sem hugsanlega gæti haft áhrif á gæði neysluvatns.

Jarðmyndanir og Reykjanesbraut

Í kafla 10.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðminjar. Fram kemur að stærstur hluti áhrifasvæðis framkvæmdanna sé á eldhrauni sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni að í frummatsskýrslu eigi að gera grein fyrir með myndrænum hætti legu strengs sunnan Reykjanesbrautar miðað við fjarlægðarmörk Vegagerðarinnar. Sérstaklega ætti að gera grein fyrir áhrifum strenglagnar á Afstapahraun. Einnig ætti að gera grein fyrir hversu nálægt Suðurnesjalínu 1 sé hægt að leggja jarðstreng miðað við að strengur og lína liggi samsíða ef slíkt fyrirkomulag væri til þess fallið að draga úr raski á hraunum.

Í svörum Landsnets kemur fram að skoðaðar verði mismunandi útfærslur á valkosti B, þ.e. legu jarðstrengs meðfram Reykjanesbraut. Litið verði til útfærslna í samræmi við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og þar sem jarðstrengur liggja í vegöxl Reykjanesbrautar. Hluti af því sé að sýna samanburð á myndrænan hátt. Landsnet muni einnig skoða útfærslur á valkosti A, jarðstreng meðfram Suðurnesjalínu 1, sem felist í að draga sem kostur er úr mögulegu raski. Gerð verði grein fyrir því hversu stutt er hægt að hafa bilið á milli jarðstrengs og Suðurnesjalínu 1.

Í athugasemdum Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og Hraunavina sem og Eydísar Franzdóttur o.fl. er farið fram á það varðandi valkost B að skoðað verði að leggja jarðstreng á röskuðu svæði með Reykjanesbraut en ekki 10 metra utan kantlínu brautarinnar eins og Vegagerðin geri kröfu um í athugasemdum sínum. Reglur Vegagerðarinnar geti ekki verið þess valdandi að raska þurfi landi er njóti verndar skv. lögum um náttúruvernd, vatnsverndarsvæðum eða ekki sé hægt að fylgja stefnumörkun Alþingis um að jarðstrengi beri að leggja með vegum, nema brýn ástæða sé til. Erlendis séu jarðstrengir lagðir með vegum með góðum árangri og vegaxlir stofnbrauta notaðar sem línuvegir og einnig sé þekkt að ganga frá jarðstrengjum þannig að nýta megi yfirborð strengs sem hjólastíg. Mikið hafi verið rætt um mikilvægi þess að gera hjólastíg með Reykjanesbraut og gætu samlegðaráhrif jarðstrengs og hjólastígs verið þjóðhagslega hagkvæm auk hagkvæmni út frá umhverfissjónarmiðum að samnýta mannvirkjabelti Reykjanesbrautar.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrr í matsferlinu hafi komið ábendingar um að fella mannvirkjabelti jarðstrengs að mannvirkjabelti Reykjanesbrautar, lestarspors, og/eða hjólastíga, með það að markmiði að draga úr raski framkvæmda. Landsnet muni bera saman mismunandi legu jarðstrengs meðfram Reykjanesbraut m.t.t. umhverfisáhrifa, umferðaröryggis, veghönnunarreglna, annarra framkvæmda og markmiða raforkulaga.

Vegagerðin telur í umsögn sinni að sérstaklega þurfi að huga að legu jarðstrengs við undirgöng og mismæg vegamót. Vegagerðin telur að með staðsetningu jarðstrengs nálægt vegi geti starfsfólk verið í lífshættu ef reka á niður t.d. skiltarör eða vegrið í vegkanti. Ónæði verði fyrir vegfarendur vegna framkvæmdar og viðhalds strengs og allri vinnu á eða meðfram vegum fylgi ákveðin slyshætta. Þá bendir Vegagerðin á að hraðhjólastígur eða lestarteinar kunni að verða lagðir meðfram Reykjanesbraut. Öryggissvæði Reykjanesbrautar sé 18 m frá kantlínu vegar. Strangar reglur gildi um lögum og yfirborð öryggissvæða.

Í svörum Landsnets kemur fram að við matsvinnu vegna Suðurnesjalínu 2 muni Landsnet óska eftir samráði við Vegagerðina. Fyrr í matsferlinu hafi komið ábendingar um að samnýta mannvirkjabelti jarðstrengs og mannvirkjabelti Reykjanesbrautar, lestarspors, og/eða hjólastíga, með það að markmiði að draga úr raski framkvæmda. Landsnet muni bera saman mismunandi legu jarðstrengs meðfram Reykjanesbraut meðal annars m.t.t. umhverfisáhrifa, umferðaröryggis, annarra framkvæmda og markmiða raforkulaga.



Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvaða áhrif mismunandi valkostir hafa á jarðmyndanir ekki síst með hliðsjón af þeim sem njóta verndar. Í frummatsskýrslu þarf jafnframt að gera grein fyrir hvernig hægt er að lágmarka rask af völdum jarðstrengs með því að leggja þá annars vegar eins nálægt Suðurnesjalínu 1 annars vegar og Reykjanesbraut hins vegar. Jafnframt þarf við slíkan samanburð að taka tillit til takmarkandi þátta á borð við vegamót og öryggissvæði Reykjanesbrautar og mögulegra lestar- og hjólaleiða.

Meningarminjar

Í kafla 10.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Fram kemur að fornleifafræðingur muni skrá fornleifar á áhrifasvæði framkvæmdakosta.

Í frummatsskýrslu þarf að sýna afstöðu milli valkosta um legu Suðurnesjalínu 2 og menningarminja á uppdrætti eða loftmynd. Þá þarf að gera grein fyrir því hvaða áhrif mismunandi kostir hafa á menningarminjar.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Tillögu að matsáætlun verði hafnað

Í athugasemdum Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og Hraunavina sem og Eydísar Franzdóttur o.fl. er með hliðsjón af framlögðum athugasemdum þeirra farið fram á það að Skipulagsstofnun hafni tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir Suðurnesjalínu 2.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framangreindar athugasemdir. Mörgu af því sem þar kemur fram um efnistöð í frummatsskýrslu telur Skipulagsstofnun tilefni til að hnykkja á sérstaklega í ákvörðuninni. Skipulagsstofnun telur ekki forsendur til að hafna tillögu Landsnets að matsáætlun.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Við mat á jarðstrengsköflum í valkostum D og E, er mikilvægt að í frummatsskýrslu verði metin áhrif á fleiri umhverfisþætti en sýnileika og landslag. Einnig þarf að meta áhrif á þéttbýli, vatnsvernd, náttúruvernd, þ.m.t. skerðingu á hrauni sem nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og annarri landnýtingu á borð við hjólastíg og lest meðfram Reykjanesbraut sem gert er ráð fyrir í skipulagi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Einnig er tilefni til að fjallað sé um áhrif á hugsanlegan flugvöll í Hvassahrauni, þótt hann hafi ekki verið festur í stefnu stjórnvalda eða skipulagsáætlunum á svæðinu.
2. Í frummatsskýrslu verður að gera grein fyrir áhrifum allra valkosta við lagningu Suðurnesjalínu 2 á hljóðvist í íbúðarbyggð og á útivistarsvæðum.
3. Í frummatsskýrslu þarf að sýna öll vatnsverndarsvæði og vatnsból í nágrenni við fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Þá þarf að gera grein fyrir því hvaða áhrif mismunandi valkostir á lagningu Suðurnesjalínu 2 hafa á vatnsvernd og tilgreina hvort þeir fari um fjar-, nær- eða brunnsvæði vatnsbóla. Þá þarf að gera grein fyrir mögulegri mengun neysluvatns vegna mismunandi valkosta, bæði sínmengun og annarri mengun sem hugsanlega gæti haft áhrif á gæði neysluvatns.



4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvaða áhrif mismunandi valkostir hafa á jarðmyndanir ekki síst með hliðsjón af þeim sem njóta verndar. Í frummatsskýrslu þarf jafnframt að gera grein fyrir hvernig hægt er að lágmarka rask af völdum jarðstrengs með því að leggja þá annars vegar eins nálægt Suðurnesjalínu 1 annars vegar og Reykjanesbraut hins vegar. Jafnframt þarf við slíkan samanburð að taka tillit til takmarkandi þátta á borð við vegamót og öryggissvæði Reykjanesbrautar og mögulegra lestar- og hjólaleiða.
5. Í frummatsskýrslu þarf að sýna afstöðu milli valkosta um legu Suðurnesjalínu 2 og menningarminja á uppdrætti eða loftmynd. Þá þarf að gera grein fyrir því hvaða áhrif mismunandi kostir hafa á menningarminjar.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 6. júlí 2018

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson